

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

1. fundur 2009 (3. fundur)

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 16.01.2009 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Sigurður Valur Ásbjarnarson	skipulagsnefnd
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Sigurður Thoroddsen	"
Steinþór Einarsson	"
Oddný G. Harðardóttir	"
Eiríkur Bjarnason,	ritari skipulagsnefndar
Magnús Guðmannsson	skipulags- og byggingarfulltrúi

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2005 – 2025, niðurfelling landnotkunar innan Sandgerðis

Lögð voru fram að nýju drög að greinargerð, dags. 19.12.2008, vegna athugasemda sem bárust við auglýsingu á breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005 – 2025 varðandi breytingu á landnotkun innan Sandgerðis. Greinargerðin hafði verið send til Flugmálastjórnarinnar Keflavíkurflugvelli til kynningar eftir síðasta fund skipulagsnefndarinnar. Flugmálastjórnin gerði ekki athugasemd við greinargerðina.

Sandgerðisbæ var einnig sent bréf, dags. 05.01.2009, varðandi þá þætti greinargerðarinnar sem varða Sandgerðisbæ. Sandgerðisbær gerir ekki athugasemd við greinargerðina.

Skipulagsnefndin samþykkti greinargerðina og aðalskipulagsbreytinguna og vísar henni til Skipulagsstofnunar og síðan staðfestingar viðkomandi ráðherra, samgönguráðherra, utanríkisráðherra og umhverfisráðherra.

Skipulagsnefndin fól formanni nefndarinnar að undirrita skipulagsuppdráttinn fyrir hönd nefndarinnar.

2. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins Garðs 1998 - 2018

Lögð var fram tillaga að athugasemdum við kynningu á breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 1998 – 2018. Undir þessum lið vék Oddný G. Harðardóttir af fundi. Skipulagsnefndin samþykkti að gera eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillöguna:

1) Formsatriði.

a) Það sem merkt er „Varnarsvæði“ er „Flugvallarsvæði A“

b) Flugvallarsvæði „A“ skal vera ólitað, það er á skipulagssvæði Keflavíkurflugvallar.

- c) Lagfæra þarf skilgreininguna á afmörkun svæðisins til samræmis við þetta
- 2) Skipulagsatriði.
- a) Reitir merktir 3a, 3b og 3c og hluti reits 5 eru skilgreindir sem athafnasvæði. Þessir reitir eru innan öryggissvæðis vegna flugumferðar, öryggissvæði „B“ þar sem einungis er leyfð iðnaðarstarfsemi. Öll starfsemi sem kallar á að starfsfólk og viðskiptavinir dvelji á þessum svæðum er óæskileg, enda eru öryggissvæðin skilgreind þar sem langmesta hættan er á flugslysum. Starfsemi eins og dæmi eru tekin um í skýringum á uppdrættinum (flugsækin starfsemi, starfsemi tengd ferðabjónustu, ráðstefnuaðstaða, þjónusta og afþreying, þjónustubyggingar tengdar bílum og rýmisfrekt verslunarhúsnæði) getur ekki átt heima á þessu svæði. Tekið skal fram að þarna er um að ræða svæði rétt við enda 02-20 flugbrautar Keflavíkurflugvallar, sem er aðalflugbraut flugvallarins með um 80% af allri flugumferð. Þar að auki er svæðið innan hávaðamarka þeirra sem sýnd eru á skipulagsuppdrættinum.
- b) Ný athugun er til á hávaða frá flugumferð. Reykjanesbær og Flugmálastjórn gerðu nýlega í sameiningu mælingar á hávaða frá flugumferð. Fyrir liggur skýrsla um hávaðamörk við flugvöllinn. (Hljóðspor við Keflavíkurflugvöll, Línuhönnun okt 2008). Hljóðspor samkvæmt skýrslunni verður væntanlega fært inn á endurskoðað svæðisskipulag. Hljóðstigið samkvæmt skýrslunni er 65- 70 db á mestöllu athafnasvæðinu. Í reglugerð um hávaða frá 2008 má hávaði vegna íbúðarhúsnæðis ekki fara yfir 55db. Ekki eru sérstök mörk vegna annarrar starfsemi, en þarna gæti orðið um veruleg óþægindi af hávaða, sem er miklu hærra en á íbúðasvæðum.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar beinir því til Sveitarfélagsins Garðs að skoða þann kost að fella alveg út byggð á öryggissvæði B og til vara að landnotkun verði breytt úr athafnasvæði, sem alls ekki getur verið á öryggissvæðinu, í iðnaðarsvæði með þeim takmörkunum sem leiða af öryggissvæði B.

Lagt er til að hávaðamörk verði sett inn á skipulagsuppdráttinn

3. Stjórnsýsla flugvallarins í skipulagsmálum

Skipulags- og byggingarfulltrúi Keflavíkurflugvallar greindi frá því að unnið væri að því að setja á laggirnar stjórnsýslu innan Keflavíkurflugvallar sem hefði m.a. það hlutverk vinna að skipulagsmálum vallarins og hafa frumkvæði í þeim málaflokki. Ennfremur væri verið að skilgreina verkferla milli Keflavíkurflugvallar og skipulagsnefndarinnar.

4. Næsti fundur skipulagsnefndar

Næsti fundur skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar verður 13.02.2009.

Fleira ekki gert, fundi slitið.